

## GJALDSKRÁ

**fyrir kattahald í Hveragerðisbæ.**

1. gr.

Peir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 1.800 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjaldinu ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 11. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.000 ef til handsömunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri handsömun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samþykkt er af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar með vísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

*Hveragerði, 17. desember 2009.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.